

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 218 13. mars 2006.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps er taki gildi 1. janúar 2009:

5. gr. Verðskrá breytist og orðist svo:

Verðskrá.

A. Hemlagjald (varmagjald).

Fyrir sumarbústaði, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða hemlagjald. Lágmarksstilling er 3 l/mín. Hemlagjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði er kr. 1.702.

B. Eldri samningar.

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn er gjald fyrir hvern mínútulítra kr. 1.285 á mánuði.

C. Rúmmetragjald skv. mæli.

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 71,56.

Mælagjald á mánuði	kr.
C1 Stærð mælis/hemils DN 15	807
C2 Stærð mælis/hemils DN 20	1.153
C3 Stærð mælis/hemils DN 25	1.427
C4 Stærð mælis/hemils DN 32	1.700
C5 Stærð mælis/hemils DN 40	1.975
C6 Stærð mælis/hemils DN 50	2.703

D. Stofngjöld.

Innifalin í stofngjaldi er ein heimæð á lóð allt að 25 m talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

Í þéttbýli sér sveitarfélagið um frágang heimæða að mæli.

D1	Íbúðarhús allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ²	kr. 391.895
	Fyrir hvern rúmmetra/fermetra þar yfir skal greiða	149 kr./m ³
D2	Vélageymslur og gripahús allt að 300 m ³	kr. 227.808
	Fyrir hvern rúmmetra þar yfir skal greiða	149 kr./m ³
D3	Fyrir sumarhús	
	Stofngjald fyrir húsveitu	kr. 391.895
D4	Gjald fyrir auka mælagrind	kr. 58.472

Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 2.392 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð umfram 25 m.

Nr. 1217

29. desember 2008

E. Önnur gjöld.

Lokunargjald

kr. 3.795

Aukaálestur

kr. 3.795

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 2008.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. desember 2008